



Ökutækjategygging

Vátryggingarskilmáli nr. BA10

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BA10
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Váttrygging þessi er samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 og reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Váttryggingin gildir
2. Ábyrgðartími
3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
4. Varúðarreglur
5. Brot á varúðarreglum
6. Áhættubreyting
7. Útreikningur iðgjalds
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Váttryggingarfjárhæð
11. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess
12. Tvíttrygging
13. Fyrning

B. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis

14. Váttryggður
15. Bótasvið
16. Samsömun
17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
19. Eigin áhætta
20. Endurkrafa
21. Staða tjónþola við tjón
22. Meðferð bótakrafna

C. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

23. Váttryggður
24. Bótasvið
25. Ákvörðun bóta

D. Bílúðutrygging (valkvætt)

26. Váttryggðir hagsmunir
27. Váttryggður
28. Bótasvið
29. Samsömun
30. Greiðsla iðgjalds
31. Endurgreiðsla iðgjalds
32. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess
33. Ákvörðun bóta
34. Eigin áhætta
35. Fyrning

A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

1. Vátryggingin gildir

- 1.1 Vátryggingin gildir um notkun ökutækis á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss.
- 1.2 Vegna aksturs erlendis, í öðrum ríkjum en framangreindum, skal vátryggingartaki leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort (grænt kort) vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins, enda eigi viðkomandi ríki aðild að samningi um notkun slíks vátryggingarkorts.

2. Ábyrgðartími

- 2.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 2.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 2.3 Enda þótt vátryggingin falli úr gildi ber félagið samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt.

3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 3.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 3.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 3.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

4. Varúðarreglur

- 4.1 Ökumaður hins vátryggða ökutækis skal hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- 4.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækis.
- 4.3 Ekki skal nota ökutæki til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.4 Vátryggður eigandi eða umráðamaður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækisins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 4.5 Vátryggður eigandi eða umráðamaður skal viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 4.6 Vátryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður ökutækisins sé ávallt í lagi.

5. Brot á varúðareglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

6. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun ökutækis breytist frá því sem kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á vátryggingaratburði lækkar að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Útreikningur iðgjalds

- 7.1 Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun ökutækisins og lögheimili vátryggingartaka. Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

- 7.2 Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum váttryggjendum um tjónareynslu váttryggingartaka í þessari grein váttrygginga.

8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 8.2 Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka, t.d. símleiðis eða skriflega, er félaginu heimilt að skora á váttryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði váttryggingartaki ekki við áskoruninni er félaginu heimilt að fella váttrygginguna strax úr gildi, þrátt fyrir gr. 8.3. Skal þá félagið tilkynna váttryggingartakanum þá ákvörðun skriflega, jafnframt því að senda tilkynningu til Umferðarstofu um lok váttryggingarinnar.
- 8.3 Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið fellt váttrygginguna úr gildi þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins, sbr. reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar nr. 424/2008. Félagið skal tilkynna Umferðarstofu og váttryggingartaka um niðurfellinguna. Ber þá lögreglustjóra samkvæmt þeirri reglugerð að hlutast til um að skráningarkerki séu tafarlaust tekin af ökutækinu.
- 8.4 Iðgjöld eru aðfararhæf samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

9. Endurgreiðsla iðgjalds

- 9.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Hafi ökutækið ekki verið í notkun og skráningarnúmer þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið. Þetta gildir þó ekki um váttryggingu fyrir dráttarvélar, snjóþíla, torfærutæki, húsbíla og fornbíla, enda hafi verið tekið tillit til þess við iðgjaldaákvörðun.

10. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess

Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu ökutæki gildir hin fyrri váttrygging gangvart nýjum eiganda (varanlegum umráðamanni) í 14 daga nema ökutækið hafi áður verið afskráð eða ný váttrygging keypt fyrir það.

11. Váttryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvers váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

12. Tvíttrygging

- 12.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 12.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 12.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

13. Fyrning

Bótakröfur á hendur félaginu fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsáttburði.

B. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis

14. Vátryggður

Skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður er vátryggður.

15. Bótasvið

- 15.1 Vátryggingin nær til sérherrar skaðabótakröfu sem vátryggðum er skylt að vátryggja gegn samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, sem eigandi eða umráðamaður hins vátryggða ökutækis, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.
- 15.2 Vátryggingin bætir ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þó bætir vátryggingin skemmdir á eigin bifreið vátryggðs af völdum áreksturs hins vátryggða ökutækis.

16. Samsömun

- 16.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki.
- 16.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins vátryggða ökutækis.

17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 18.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 18.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 18.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 18.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 18.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

19. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu ef þess er getið í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

20. Endurkrafa

Félagið á endurkröfurétt samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og almennum réttarreglum vegna greiðslu félagsins á bótum, t.d. ef:

- 20.1 Tjón varð vegna þess að ökumaður, sökum undanfarandi neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi efna, gat ekki stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess, sbr. umferðarlög nr. 50/1987.
- 20.2 Tjón varð vegna þess að ökumaður hafði ekki þau réttindi og kunnáttu sem þurfti til þess að stjórna viðkomandi ökutæki.
- 20.3 Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- 20.4 Félagið hefur greitt bætur úr vátryggingunni fyrir tjón sem varð þegar liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum eða vátryggingin hafði fallið úr gildi.
- 20.5 Ökutækið var notað til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 20.6 Ökutækið var leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um bílaleigur nr. 64/2000. Sýni váttryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laga þessara á félagið ekki endurkröfu.

21. Staða tjónþola við tjón

- 21.1 Félagið er greiðsluskylt gagnvart tjónþola, sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 21.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 21.3 Nú er höfðað einkamál gegn váttryggðum til heimtu bóta og skal þá jafnframt höfða slíkt mál gegn félaginu, sbr. 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- 21.4 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 21.5 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæða 95. og 97. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

22. Meðferð bótakrafna

- 22.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 22.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

C. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

23. Váttryggður

Váttryggður er váttryggingartaki og sérhver ökumaður sem ökutækinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi.

24. Bótasvið

Váttryggingin bætir líkamstjón vegna slyss sem:

- 24.1 Ökumaður verður fyrir við stjórn hins váttryggða ökutækis samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- 24.2 Váttryggingartaki verður fyrir sem farþegi í hinu váttryggða ökutæki, eða af völdum þess samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

25. Ákvörðun bóta

- 25.1 Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón váttryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 25.2 Ef váttryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir umferðarlögum nr. 50/1987, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

D. Bílrúðutrygging

Bílrúðutrygging er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Greinar 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, og 12 í almennum skilmálum í kafla A eiga einnig við um bílrúðutrygginguna.

26. Váttryggðir hagsmunir

Váttryggingin gildir fyrir ökutæki sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

27. Vátryggður

Skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður er vátryggður.

28. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

28.1 Brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist.

Vátryggingin bætir ekki:

28.2 Rúðu sem brotnar við úrtöku eða ísetningu.

28.3 Tjón vegna afnotamissis ökutækisins þegar rúða brotnar.

29. Samsömun

29.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki.

29.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins vátryggða ökutækis.

30. Greiðsla iðgjalds

30.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

30.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

31. Endurgreiðsla iðgjalds

31.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

31.2 Iðgjald af vátryggingu þessari verður ekki endurgreitt þótt um tímabundna afskráningu sé að ræða.

32. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess

Ef eigendaskipti verða að hinu vátryggða ökutæki, eða það er afskráð, fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

33. Ákvörðun bóta

Félagið ræður hvort það greiði kostnað við að skipta um skemmda rúðu, þ.e. ísetningarkostnað og nýja rúðu eða sambærilega þeirri sem varð fyrir skemmdum, eða hvort það greiði kostnað vegna viðgerðar á henni.

34. Eigin áhætta

Ef skipta þarf um rúðu ber vátryggingartaki í hverju tjóni eigin áhættu sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

35. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.